

# AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um  
Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á skipgengum vatnaleiðum.

## 1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 23/97 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi nýir liðir koma aftan við lið 43a:

43b. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1356/96 frá 8. júlí 1996 um sameiginleg ákvæði sem gilda um vöru- eða fólksflutninga á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það í huga að koma á frelsi til að veita slíka flutningsþjónustu.

2. Eftirfarandi undirliðir bætast við 44. lið:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2819/95 frá 5. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2254/96 frá 19. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2310/96 frá 2. desember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 varðandi skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu stjakbáta á skipgengum vatnaleiðum.

3. Eftirfarandi liður kemur aftan við 44. lið:

44a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2326/96 frá 4. desember 1996 um skiptingu framlaga bandalagsins og hlutaðeigandi aðildarríkja fyrir árið 1996 til úreldingarsjóðanna sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum.

4. Eftirfarandi liður kemur aftan við 45. lið:

45a. Tilskipun ráðsins 96/75/EB frá 19. nóvember 1996 um skipaleigukerfi og verðlagningu í flutningum á innlendum og alþjóðlegum skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu.

5. Eftirfarandi liður kemur aftan við lið 46a:

46b. Tilskipun ráðsins 96/50/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu skilyrða fyrir því að öðlast innlend skipstjórnarskírteini til að flytja farm og farþega eftir skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu.

## 2. gr.

Ofantaldar gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 37, dags. 4. september 1997, bls. 32 - 37 og 40 - 54.

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 14/1996, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 7. september 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*